

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Skógarhlíð.

(Leiðrétt dagsetning á samþykkt borgarráðs í auglýsingu nr. 332/2001).

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 17. apríl 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Skógarhlíð.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Rimahverfi, Langirimi/Hvannarimi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 27. febrúar 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Rimahverfi, Langarima/Hvannarima með þeirri breytingu frá auglýstri tillögu, að fallið verði frá forgangi umferðar til norðausturs.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skeljatangi 9.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 3. apríl 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Skeljatanga 9.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Borgartún 17-21a.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, sbr. 2. gr. samþykktar um embættisafgreiðslur skipulagsstjóra nr. 672/2000, var samþykkt á embættisafgreiðslufundi skipulagsstjóra þann 27. apríl 2001 breyting á deiliskipulagi fyrir Borgartún 17-21a.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Öskjuhlíð, Keiluhöll.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, sbr. 4. gr. samþykktar fyrir skipulags- og byggingarnefnd, var samþykkt á skipulags- og byggingarnefndarfundi þann 2. maí 2001 breyting á deiliskipulagi fyrir Öskjuhlíð, Keiluhöll.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 22. maí 2001.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.